

Nr. 12  
12. ágúst

# Lög

um  
stimpilgjald.

**Vjer Christian hinn Tíundi**, af guðs náð Danmerkur konungur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

*Gjörum kunnugt*: Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

## *I. Almenn ákvæði.*

### 1. gr.

Þá er skjöl þau, sem um ræðir í lögum þessum, eru gefin út eða afgreidd af embættismanni, sem til þess er bær, eða stofnunum þeim, er ræðir um í 7. gr., á hann eða þær að sjá um, að þau sjeu stimpluð eins og fyrir er mælt í lögum þessum, á kostnað þess manns, sem biður um að skjalið sje útgefið eða afgreitt.

### 2. gr.

Stjórnarráðið lætur búa til stimpilmerki, ákveður útlit þeirra, upphæð og hvernig þau skuli ónýta. Það ákveður einnig, hvernig haga skuli sölu á stimpilmerkjum. Sem endurgjald fyrir að sjá um stimplun skjala og reikningsfærslu má greiða 2 af hundraði af þeirri upphæð, sem inn kemur við sölu.

Stjórnarráðið hefir heimild til þess að láta búa til pappir með áletruðu stimpilmerki, og má nota hann í stað stimpilmerkja.

Þangað til stimpilmerki eru útveguð, ákveður stjórnarráðið með reglugerð, hvernig stimpluninni skuli hagað.

### 3. gr.

Engin áhrif hefir það á stimpilskylduna, hvenær eða hvar skjal er útgefið eða hvar útgefandi á heima. Við útreikning stimpilgjaldsins gilda þessar almennu reglur:

a. Þegar stimpilgjald skal reiknað sem hundraðsgjald eftir verðhæð skjalsins,

færist það niður í tölu, sem er deilanleg með 5, en má þó eigi vera minna Nr. 12 en 10 aurar. 12. ágúst

b. Hljóði skjalið um vöru, skal farið eftir almennu verðlagi þar, sem samningar fara fram. Ef um farmskirteini er að ræða, skal miða stimpilgjaldið við söluverð vörunnar með umbúðum, fluttrar um borð í skip (fob) á þeirri höfn, er hún fyrst fer frá, eða söluverð erlendis (cif), að frádrögnum flutnings- og ábyrgðargjaldi til útlanda, svo og miðilsgjaldi. Sendandi vöru er skyldur til að gefa lögreglustjóra vottorð, að viðlögðum drengskap, um söluverð og söluskilmála. Ef vara sú, sem farmskirteini ræðir um, er send óseld, skal lögreglustjóri ákveða stimpilgjaldið, eftir því sem ætla má, að varan sje verð með umbúðum, flutt um borð.

c. Í afsals- og afhendingarskjölum og leigusamningum, sem þinglesin eru, skal ávalt tilfæra kaupverð, leigumála eða andvirði, sem fyrir rjettindin kemur.

Nú inniheldur stimpilskytt skjal eigi nægilegar upplýsingar um verðmæti skjalsins, og getur valdsmaður eða hlutaðeigandi stofnun þá heimtað af samningsaðiljum nákvæmari upplýsingar eða álit þeirra um það, eins og þeir hyggja sannast og rjettast, og afgreiðist þá skjalið eigi fyr en fengnar eru þær upplýsingar, er nægar þykja.

d. Nú hljóðar stimpilskytt skjal um árlegar tekjur eða gjöld, sem eru áskilin eða lofuð um aldur og æfi, eða fyrir fleiri menn en þá, sem eru á lífi þá er skjalið er gert, eða um ákveðið tímabil, sem ekki er styttra en 25 ár, og skal þá stimpilgjaldið reiknað af árgjaldinu tuttugu og fimmföldu. Ef árabilið er ákveðið innan við 25 ár, skal stimpilgjaldið vera af árgreiðslunni margfaldaðri með áratölunni.

Ef greiðsla er áskilin um æftíð einstaks manns eða fleiri manna, sem eru á lífi þá er skjalið er gert, eða um annan óákveðinn tíma, skal telja stimpilgjaldið af árgjaldinu fimmföldu; ef árgjaldið er mismunandi, skal taka meðalgjaldið.

## II. Um stimpilgjald einstakra skjala.

### 4. gr.

Með 1% af verðhæðinni skal stimpla neðangreind skjöl:

a. *Afsalsbrjef fyrir fasteignum og skipum*, þar með talin afsöl við fógetagerðir, skifti eða uppboð, svo og öll önnur skjöl um afhendingu fasteigna og skipa, kaupsamningar, makaskiftabrjef, gjafabrjef, próventusamningar eða önnur slík skjöl. Enn fremur erfðafestubrjef, ef þau veita kaupanda rjett til að selja eða vedsetja eignina. Ef giftingarvottorð, erfðaskrá eða önnur slík skjöl eru þinglesin sem heimild fyrir fasteign eða skipi, skal ekkert stimpilgjald greiða, nema því að eins, að endurgjald sje áskilið til meðerfingja eða annara, því þá skal reikna stimpilgjald sem að framan greinir eftir endurgjaldinu.

Nr. 12  
12. ágúst

Að öðru leyti skal reikna stimpilgjaldið fyrir öll slík heimildarskjöl eftir því kaupverði, sem sett er á eignina í brjefinu. Með kaupverðinu skal telja veðskuldir og aðrar kvaðir, sem kaupandi eða rjettþegi tekur að sjer. Föst kúgildi teljast með í kaupinu eða afsalinu, en fylgi því annar fjenaður eða lausafje, og verðhæð þess er sönnuð áður en skjalið er þinglesið, skal ekkert stimpilgjald greiða af því.

Þegar kaupsamningur er þinglesinn, má þinglesa afsalsbrjef til sama kaupanda, án þess það sje stimplað á ný. Ef heimildarbrjef er framselt, er það skoðað sem sjerstakt afsalsbrjef og stimplað svo.

- b. *Skjöl, sem heimila rjett til fiskveiða eða veiðirjettindi, leggja útk, iskyldur eða kvaðir, á annars manns fasteign*, ef endurgjald er greitt eða áskilið, og fer stimpilgjald eftir endurgjaldinu. Ef ekkert endurgjald er greitt eða áskilið, skal stimpla skjalið sem yfirlýsingu. Framsal á þessum rjettindum skal stimpla á sama hátt sem segir í staflíð a. um framsal heimildarbrjefa.
- c. *Farmskirteini* (konnossement) um vörur, sem senda á til útlanda. Sá, er afgreiðir skip, er skyldur til að sjá um, að lögreglustjóra eða umboðsmanni hans sjeu afhent farmskirteini til stimplunar áður en skip lætur úr höfn þar sem vara er tekin.

Afsalsbrjef og önnur heimildarbrjef fyrir skipum skal stimpla um leið og skip eru skrásett, en öll önnur skjöl, sem stimpilskyld eru samkvæmt þessari grein, um leið og þau eru afhent til þinglestrar.

#### 5. gr.

Með  $\frac{1}{2}$  % af verðhæðinni skal stimpla þessi skjöl:

- a. *Kaupmála*, um leið og þeir eru staðfestir, eða, þegar staðfestingar þarf eigi, þá þegar þeir eru þinglesnir. Stimpilgjaldið skal reikna eftir verðhæð þess, sem haldið skal utan fjárfjelags af annars eða beggja hálfu.
- b. *Fjelagssamninga*, um leið og þeir eru staðfestir eða þinglesnir. Gjaldið skal reiknað eftir fjárupphæð þeirri, sem lögð er í fjelagið þegar staðfestingar er leitað, þó eigi lægra en 10 krónur. — Sje fasteign eða skip afhent fjelaginu til eignar eða umráða, skal þó reikna stimpilgjaldið 1% af verðhæð hennar eða þess, en þegar svo stendur á, má þó þinglesa samninginn eða skrásetja hann sem eignarheimild, án frekara stimpilgjalds. Nú leggur einn fjelagi fram peningaupphæð eða peningagildi, en annar persónulega vinnu, og skal þá meta hana jafna peningaframlaginu, nema öðruvísi sje ákveðið í samningnum; sjeu peningaframlög eigi jafnhá, skal telja vinnuna jafna lægsta framlaginu. Nú hljóðar samningur eigi um nein framlög, heldur að eins um persónulega vinnu fjelaga í einhverjum arðsömum tilgangi, og skal þá stimpla hann með 10 krónum.

Ef fjelagar löysa upp fjelag sitt, og skal um það er þinglesið eða skrásett sem heimild fyrir fasteign eða skipi, skal stimpla það sem eignarskjal, ef

fasteignin eða skipið fellur til annars en þess, sem eftir stimpluðu heimildar-Nr. 12 skjali hefir lagt það í fjelagið; ella skal skjalið stimpla sem yfirlýsingu. 12. ágúst

- c. *Öll skuldabréf*, hvort sem þau eru trygð með veði eða eigi, ef þau eru þinglesin, svo og kyrsetningar- og aðfarargerðir, svo framarlega sem fasteign hefir eigi verið lögð út til eignar.

Stimpilgjaldið skal reikna eftir upphæð skjalsins. Sje veðrjettur stofnaður fyrir væntanlegri eða óákveðinni skuld, skal reikna stimpilgjaldið eftir þeirri upphæð, sem frekast er ætlast til að tryggja.

- d. *Framsali á skjölum þeim*, sem nú voru nefnd undir staffið e., ef framsalið er þinglesið, hvort sem framsalið er ritað á sjálft skjalið eða á sjerstakt skjal. Stimpilgjaldið skal reikna eftir þeirri skuldarupphæð, sem framseld er, eða veðrjetti þeim, sem framseldur er.
- e. *Yfirfærslu á skyldum skuldunauts til annars*, ef skjalið er þinglesið, jafnvel þótt yfirfærslan sje rituð á skjal, sem áður hefir verið stimplað.

#### 6. gr.

Eftirnefnd skjöl og brjef skal stimpla með föstu gjaldi:

- a. *Yfirlýsingar*, sem eru þinglesnar eða skrásettar, skal stimpla með einni krónu, ef þær falla ekki undir nein ákvæði, sem nefnd eru að framan.
- b. *Borgarabréf til verslunar* með 100 krónum. Skipstjóraskirteini með 10 kr. og stýrimannsskirteini með 5 kr. Sveinsbrjef með 4 krónum. Málafærslumannsleyfi með 50 krónum.
- c. *Leyfisbrjef, sem stjórnarráðið eða valdsmenn gefa út*, skal stimpla svo sem hjer segir:

*Einkaleyfis-veitingabréf* með 50 krónum. *Leyfisbrjef til undanþágu* frá skilyrðum, sem sett eru í einkaleyfis-veitingabréfum, með 25 krónum; önnur leyfisbrjef með 5 krónum.

- d. *Embættisveitingabréf* eða sýslanabréf, sem stjórnarvöld veita, skal stimpla þannig: Ef árslanin eru ekki yfir 1000 krónur, með 2 krónum, ef lanin eru frá 1000 kr. til 2000 kr., með 4 krónum, ef þau eru frá 2000 kr. til 3000 kr., með 8 krónum, ef þau eru frá 3000 kr. til 4000 kr., með 12 krónum, og sjeu þau þar yfir (4000 kr.) með 20 krónum.
- e. *Mælingarbrjef* skipa frá 12—30 tons með 1 krónu, frá 30—100 tons með 2 krónum, og sjeu þau þar yfir, með 5 krónum.
- f. *Útdrætti, afrit og vottorð*, sem einstakir menn biðja um úr dómsmálabókum, skiftabókum, uppboðs- og notarialbókum, veðbókum, skipaskráningarbókum, firmaskránni og vörumerkjaskránni, skal stimpla með 50 aurum. Sama stimpilgjald skal greiða fyrir notarialgerðir og notarialvottorð, hvers konar sem eru, þar á meðal notarialvottorð um undirskrift, um stefnubirtingu, afsögn á víxli o. s. frv.

Fullkomnar dómssgerðir eða aðrar rjettargerðir *in forma* fyrir hjeradsrjetti skal stimpla með 2 krónum. Þingsvitni skal stimpla með 1 krónu. Stimpil-

- Nr. 12 frjáls eru þó þingsvitni, sem tekin eru til þess að öðlast verðlaun fyrir björgun frá druknun, eða þegar slys ber að höndum.
12. ágúst
- g. *Löggiltar verðslunarbækur* skal stimpla með 2 krónum.
- h. *Kvaðning utanrjettar* skal stimpla með 1 krónu.
- i. *Byggingarbrjef og aðra leigusamninga*, sem þinglesnir eru, skal stimpla með 3 krónum, ef ársleigan, margfölduð samkvæmt 3. gr. d, fer eigi yfir 1000 kr., með 10 krónum ef hærra fer.
- j. *Erfðaskrár, dánargjafir og gjafarfa* skal stimpla með 5 krónum.
- Ákvæði um, að ekkja skuli sitja í óskiftu bú, skal stimpla með 1 krónu, ef þau eru sjerstaklega gjörð. Erfðaskrá skal stimpla þegar arfleiddandi deyr.

## 7. gr.

Vixlar, allar ávísanir, nema tjekkar, og skuldabryjef, sem eigi á að þinglesa, stimplast eftir upphæð þeirra eins og hjer segir, þegar verðbryjef þessi eru seld bönkum eða öðrum lánsstofnunum eða send þeim til samþykta eða innheimtu:

|                  |                               |
|------------------|-------------------------------|
|                  | 200 kr. eða minna með 20 aur. |
| Frá 200— 400 kr. | — 40 —                        |
| — 400— 600 —     | — 60 —                        |
| — 600— 800 —     | — 80 —                        |
| — 800—1000 —     | — 1 krónu.                    |

Sje upphæðin hærri, skal stimpla skjöl þessi með 1 krónu af þúsundi eða broti úr þúsundi.

Erlendir vixlar og ávísanir eru þá fyrst stimpilskyldir, er þeir eru samþykktir, og vixlar og ávísanir, sem eiga að greiðast við sýningu, um leið og innlausn þeirra eða borgun fer fram.

Endurnýjaður vixill telst nýr vixill.

Nú hljóðar vixill eða ávísun um borgun í erlendri mynt, og reiknast þá stimpilgjaldið eftir bankagangverði þeirrar myntar hjer á landi á þeim tíma, er stimplun fer fram.

Stofnanir þær, sem nefndar eru í þessari grein, annast innheimtu stimpilgjaldsins og afgreiðslu þess í landssjóð, samkvæmt reglum, er stjórnarráðið setur.

## 8. gr.

Öll önnur skjöl en þau, er nú hafa verið nefnd, eru stimpilfrjáls; svo eru og undanþegnar stimpilgjaldi þær bækur, brjef og skuldbindingar, sem um getur í 14. gr. laga nr. 11, 7. júní 1902, um heimild til að stofna hlutafjelagsbanka á Íslandi.

Sömu undanþágu hefir Landsbanki Íslands.

Ekkert skjál stimplast nema einu sinni, nema á það sje ritað framsal eða annað, er hefir sjálfstæða stimpilskyldu í för með sjer.

## III. Ýms ákvæði.

Nr. 12  
12. ágúst

## 9. gr.

Þegar skjal, sem er stimpilskylt samkvæmt framanskráðum reglum, er afhent embættismanni eða öðrum, er innheimta á stimpilgjald samkvæmt 7. gr., skal hann skýra hlutaðeiganda frá upphæð stimpilgjaldsins, eða ef ekki er hægt að reikna það út, heimta þegar nauðsynlegar upplýsingar í því efni,\* sbr. þó 3. gr. b. Skal það vera aðalregla að greiða stimpilgjaldið þegar í stað. Nú er stimpilgjald eigi greitt þegar í stað, og má þá veita frest á greiðslu þess, ef það getur valdið hlutaðeiganda rjettarmissi eða verulegum óþægindum, og skal þá innheimtumaður innheimta gjaldið síðar. Eigi má fresta afgreiðslu skjals af því að innheimtumaður tortryggir upplýsingar þær, er liggja til grundvallar fyrir verðhæðinni; en þegar svo stendur á, getur hann látið virðingu fram fara af kvöddum mönnum. Meti þeir verðmæti skjalsins að minsta kosti 10% hærra en skýrt var frá, skal sá, er stimpilskyldan hvílir á, borga virðingarkostnaðinn; ella greiðist hann úr landssjóði.

## 10. gr.

Nú verður uppvíst, að stimpilskyldu skjali er skotið undan stimplun, eða verðhæð skjals, sem er stimpilskylt, sett lægri en rjett er, til þess að svikjast undan gjaldi, eða ósannar skýrslur eru vísvitandi gefnar í sama skyni, og skal þá greiða fult gjald og auk þess sekt, er sje að minsta kosti fimmfalt hærri en stimpilgjaldið eða gjaldmunurinn. Sektina ákveður valdsmaður með úrskurði, er áfrýja má til æðri rjettar.

Sömu ábyrgð skal sá sæta, sem til þess að komast undan stimpilgjaldi á erfðaskrá lætur fyrirfarast að leggja hana fram við skifti eða sýna hana skiftaráðanda áður til stimplunar.

Ef afgreiðslumaður lætur fyrirfarast að sjá um, að farmskirteini sje afhent til stimplunar, varðar það sektum, alt að 5000 kr.

## 11. gr.

Ábyrgð á því, að stimpilskylt skjal sje stimplað, ber sá, er innheimta á gjaldið. Um sektir fyrir vanrækslu í því efni fer eftir ákvæðum 144. greinar hinna almennu hegningarlaga 25. júní 1869.

## 12. gr.

Sektir og ógoldin stimpilgjöld má taka lög taki. Gjöld þessi hafa sama forgöngurjett sem önnur gjöld til landssjóðs.

Sá einn svarar til sekta, sem gerst hefir sekur í brotinu.

Nr. 12      Ábyrgð á greiðslu stimpilgjalds af einkaskjölum bera þeir, einn fyrir alla  
 12. ágúst og allir fyrir einn, útgefandi skjalsins, viðtakandi og sá, sem beiðist afgreiðslu  
 hlutaðeigandi stjórnarvalds á því. Ábyrgð á stimpilgjaldi annara skjala ber sá,  
 er biður um afgreiðslu. Sektirnar renna í landssjóð. Stjórnarráðið getur fært  
 sekt niður, eða enda látið hana falla alveg niður, ef sjerstakar ástæður  
 mæla með því.

## 13. gr.

Ákvörðunum þeim og úrskurðum, sem löglegur innheimtumaður stimpil-  
 gjalds gerir um stimpilskylduna eða upphæð gjaldsins, má áfrýja til stjórnarráðs-  
 ins, en þó er eigi að síður heimilt að leggja málið fyrir dómstólana.

## 14. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og gilda fyrst um sinn til ársloka 1921. Þau  
 varða allar afgreiðslur, sem stimpilskylda er bundin við, ef afgreiðslu er beiðst  
 eftir að þau koma í gildi, án tillits til þess, hve nær skjalið er sett og samið.  
 Þegar stimpilfrjáls skjöl eru afhent til afgreiðslu vegna framsals eða áteiknana,  
 skal reikna stimpilgjaldið eingöngu eftir framsalinu og áteiknaninni.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

**Gefið á Amalfuborg, 12. ágúst 1918.**

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

**Christian R.**

(L. S.)

*Sigurður Eggerz*